



ÍÞRÓTTAFÉLAGIÐ GERPLA

ÁRSSKÝRSLA 2023

Starfstímabil 1. júní 2022-31. maí 2023
Lögð fram á aðalfundi félagsins 22. ágúst 2023



EFNISYFIRLT

<i>Stjórn 2022-2023</i>	3
<i>Almennt</i>	4
<i>samstarf við leikskóla og grunnskóla</i>	7
<i>samstarfsverkefni Breiðabliks, Gerplu og HK</i>	7
<i>samstarf við sportablar</i>	8
<i>Biðlisti og fimleikasalurinn</i>	9
<i>SÍK</i>	9
<i>Aðbúnaður og áhöld</i>	10
<i>Foreldraráð</i>	10
<i>Vorsýning - afmælisýning Gerplu</i>	11
<i>Uppskeruhátíð Gerplu</i>	12
<i>Uppskeruhátíð ÍTK</i>	14
<i>Skýrslur deildastjóra</i>	15
<i>Áhaldadeild kvenna</i>	15
<i>Áhaldadeild karla</i>	17
<i>Hópfimleikar kvenna</i>	20
<i>Hópfimleikadeild karla</i>	23
<i>Fimleikadeild karla og kvenna</i>	24
<i>Almenn deild</i>	25
<i>Mót, viðburðir og árangur</i>	29
<i>Starfsmenn Gerplu 2022-2023</i>	48



Ragnheiður M. Ólafsdóttir
Formaður



**Marta Kristín
Sigurjónsdóttir**
Varaformaður



**Davíð Stefán
Guðmundsson**
Meðstjórnandi



Jóna Björg Jónsdóttir
Meðstjórnandi



**Hreggviður
Símonarson**
Meðstjórnandi



**Hjalti Ragnar
Eiríksson**
Ritari



Sif Pálsdóttir
Meðstjórnandi



Olga Bjarnadóttir
Framkvæmdastjóri



**Hildur
Gottskálksdóttir**
Fjármálastjóri

Á tímabilinu voru 9 bókaðir fundir haldnir í stjórn félagsins. Auk þeirra voru haldnir óformlegir fundir um einstök málefni. Sjö fulltrúar eru kjörnir í stjórn á aðalfundi félagsins. Framkvæmdastjóri sat alla fundi stjórnar og fjármálastjóri félagsins þegar til hans var kallað.

Stjórn félagsins var skipuð eftirfarandi aðilum: Ragnheiður Margrét Ólafsdóttir, formaður, Marta Kristín Sigurjónsdóttir, varaformaður, Hjalti Ragnar Eiríksson, ritari, Jóna Björg Jónsdóttir, Davíð Stefán Guðmundsson, Sif Pálsdóttir og Hreggviður Símonarson meðstjórnendur.

Hjá félaginu voru starfandi rúmlega 120 þjálfarar ásamt starfsfólki í afgreiðslu og á skrifstofu. Olga Bjarnadóttir er framkvæmdastjóri félagsins. Fjármálastjóri er Hildur Gottskálksdóttir.

Íþróttafélagið Gerpla átti mjög farsælt starfsár 2022-2023.

Þetta var fyrsta heila starfsárið eftir Covid-19. Árið einkenndist af miklum uppgangi og krafti á öllum sviðum. Lítið var um mannabreytingar á milli ára og er félagið heppið að vera með frábæran og faglegan mannauð sem ber uppi starfið. Starfsmennirnir í Gerplu koma frá nokkrum löndum og er það gullið tækifæri til að nýta margþætta þekkingu úr mismunandi menningarheimum og vinna með í Gerplu. Starfsmenn vinna vel saman og eru öflugir og mikilvægir fyrir félagið því án þeirra væri starfið ekki svona blómlegt. Félagið tókst á við mikið af krefjandi mótahaldi síðasta sumar bæði Íslandsmót og Norðurlandamót í áhaldafimleikum í samstarfi við Fimleikasamband Íslands. Þeir viðburðir heppnuðust mjög vel á öllum sviðum. Á viðburðum sem þessum sést best hvað krafturinn í fólkinu er mikill og fagmennskan í fyrirrúmi.



Í ár eru fimm ár síðan Gerpla hóf æfingar í tveimur húsum. Þá voru hóp fimleikarnir færðir yfir í Vatnsenda og yngri iðkendur stunda fimleika í sínu nærumhverfi þar til þau velja sína fimleikagrein. Versalir eru enn vinsælli

meðal iðkenda í grunn- og framhaldshópum en helst skýringin er líklega sú að styttra er að fara og svo eru Versalir andlit félagsins. Vatnsendi er mjög gott kennsluhús og nýtist vel en félagið þarf að finna varanlega lausn vegna dansæfinga í hóp fimleikum. Það er mikið áreiti í Versölum þegar dansæfingar í hóp fimleikum bætast við flórana þar. Þá er verið að spila tónlist fyrir áhaldafimleikana og hóp fimleikana á sama tíma og svo er verið að kenna yngri börnum sem eiga oft erfitt með einbeitingu í þessum hávaða. Að sama skapi er parkour eingöngu kennt í Vatnsenda. Þetta er áskorun og þarf að huga að betri lausn í nánustu framtíð. Enn er skortur á fundaraðstöðu fyrir þjálfara og tilfinnanlega vöntun á félagsaðstöðu sem og aðstöðu til að sinna styrktarþjálfun og sjúkraþjálfun iðkenda.



Æfingar hafa byrjað klukkan 15:00 á daginn í Vatnsenda en 14.30 í Versölum og gerir þá félaginu mögulegt að vera með þjálfara í fullu starfi sem hefja þjálfun snemma á daginn og fram á kvöld alla virka daga. Það hefur sýnt sig undanfarna vetur að forsenda fyrir því að hefja æfingar svo snemma á daginn er að vera með starfsmenn í fullu starfi sem eru að helga sig starfinu.

Húsnæðið er vel nýtt allt frá því æfingar hefjast snemma á daginn og fram á kvöld. Ástæðan fyrir því að ekki er hægt að byrja klukkan 14:30 í Vatnsenda eins og í Versölum er sú að börn sem búa á Kársnesinu þurfa að taka frístundabílinn og er ekki möguleiki að koma bílnum fyrr í Vatnsenda. Með því að hefja æfingar klukkan 15:00 í Vatnsenda gefst öllum börnum í Kópavogi, óháð búsetu, tækifæri á að taka þátt hvort heldur sem það er í hóp fimleikum, grunnfimleikum, almennum fimleikum, parkour eða áhaldafimleikum. Frístundavagninn er rekinn af stóru íþróttafélagunum í Kópavogi með stuðningi frá Kópavogsbæ. Kópavogsbær greiðir ¼ af kostnaði við rúturnar og tekur allan starfsmannakostnað. Félögin þurftu á liðnu ári að greiða rúmar fimm milljónir hver fyrir bílinn sem og Kópavogsbær að vibættum starfsmannakostnaði. Félögin hafa nú leitað til bæjarins um að taka alfarið yfir rekstur vagnsins þar sem rekstrarkostnaður félaganna hefur aukist jafnt og þétt í því vaxta- og verðbólguumhverfi sem nú herjar í landinu.

Gerpla stóð fyrir mjög fjölbreyttri starfsemi á tímabilinu en iðkendur voru rúmlega 2.300 talsins. Þar af voru um 2.000 virkir iðkendur sem æfðu allt starfstímabilið hjá félaginu. Sumir nýta sér einungis sumarnámskeið og aðrir vetraræfingar en meirihluti iðkenda sækir æfingar allt árið um kring.

Sumarnámskeiðin 2022 voru virkilega vel sótt en ákveðin tímabil eru alltaf vinsælust og komust þá færri að en vildu á einhver námskeið. Það var mjög mikil fjölgun frá sumrinu 2021 en það var tæplega 35% fjölgun. Alls voru 778 börn sem sóttu ýmist fimleika- og íþróttafjör og eða parkournámskeið. Starfið hófst aftur eftir verslunarmannahelgi og voru iðkendur að skila sér inn á æfingar allan ágústmánuð. Haustið hófst með krafti og var öflugt framboð af æfingum og námskeiðum. Starfsdagur Gerplu var 22. og 23. ágúst og var boðið uppá skyndihjálparnámskeið bæði endurnýjun og fyrir nýja. Námskeiðið var haldið af Rauða krossinum. Anna Steinssen kom einnig í heimsókn á starfsdegi og var með fyrirlestur fyrir

þjálfara sem heitir "þú hefur áhrif". Það er mikilvægt að rifja upp hvað þjálfarinn spilar stórt hlutverk í lífi margra barna. Anna gerði þetta vel og þjálfarar mættu ferskir í salinn að loknu sumarfríi. Dagskráin á liðnu ári var mjög þétt setin og komu allir viðburðir inn af fullum krafti bæði námskeið, fyrirlestrar, mót og svo félagslegir viðburðir.



Nýjir búningar voru teknir í notkun í yngri flokkum áhaldafimleika kvenna og hópfimleika kvenna síðasta haust og verður endurnýjum á strákabúningum með haustinu.

Á haustönn stóðum við fyrir kynningum á dómaraeglum hópfimleika og áhaldafimleika kvenna og karla. Áhaldafimleikar kvenna voru 1. nóvember, karla 26. október og Hópfimleikar 27. október. Það voru þau Yrsa Ívarsdóttir, Auður Ólafsdóttir og Sigurður Hrafn Pétursson sem héldu kynningarnar fyrir okkur.

Það var ánægjulegt hversu vel var mætt og munum við án efa standa fyrir svona kynningum á komandi tímabili.

Á vorönn stóðum við fyrir fyrirlestrum með íþróttasálfræðingum fyrir foreldra, iðkendur og þjálfara allt í sitthvoru lagi. Iðkendum var skipt upp eftir aldri og komu foreldrar saman á einn fyrirlestur. Það voru þeir Jóhann Ingi Gunnarsson og Bragi Reynir Sæmundsson sem héldu fyrirlestrana. Í framhaldinu gerðum við samstarf við þá félagaga og hafa iðkendur Gerplu aðgang að bóka hjá þeim tíma með stuttum fyrirvara.

Iceland Classic er vinamót sem búið er að festa sig í sessi hjá okkur í Gerplu. Mótið var haldið dagana 10.-12.mars í góðu samstarfi við okkar aðal styrktaraðila GK Ísland. Mótið var mjög vel sótt og náðist að manna ákveðna hluta með löglegu dómaraengi svo keppendur gátu náð þrepi.

Á vorönn var sett af stað nýjung í starfinu sem fékk nafnið Ungar. Ungar eru börn sem flest öll eru ekki komin inná leikskóla og eru heima með foreldrum sínum á daginn. Á föstudögum í hádeginu á milli klukkan 12 og 13 gátu foreldrar komið í fimleikasalinn í Versölum og leikið með börnin og hitt aðra foreldra í sömu stöðu. Vægt gjald var tekið fyrir hvert skipti og fóru undirtektirnar fram úr björtustu vonum. Þátttakendum fjölgaði með hverri vikunni sem leið og náðist upp mjög góð stemmning.



Starfsdagur á vorönn var haldinn 4.janúar 2023. Dagurinn var notaður til að stilla strengi og fóru deildarstjórar með erindi fyrir þjálfara. Það hefur mælst vel fyrir að hittast og leggja línurnar fyrir starfið í upphafi anna.

SAMSTARF VIÐ LEIKSKÓLA OG GRUNNSKÓLA



Samstarf Gerplu við leikskólann Fífusali og leikskólann Sólhvörf hefur verið farsælt síðustu ár. Leiksólinn Sólhvörf sagði sig frá samstarfinu í vetur en við höldum áfram með Fífusali. Kosturinn við þetta samstarf er að börnin ná að klára sína dagskrá á leikskólatíma, íþróttasalurinn er nýttur en annars væri hann tómur á þessum tíma dags og starfsmenn í fullu starfi ná að byrja fyrr á daginn

og ljúka vinnudegi fyrr. Helsti gallinn við þetta fyrirkomulag er að foreldrar þessara iðkenda eiga í litlum samskiptum við félagið og koma nær aldrei inn í íþróttahúsið nema kannski einu sinni á önn þegar Garpamótið fer fram.

Gerpla er líka í samstarfi við Salaskóla en félagið stóð fyrir íþróttatímum fyrir frístund Salaskóla þar sem börn úr frístund komu í tíma hjá Gerplu endurgjaldslaut á þeim tíma sem þau voru í frístund tvisvar sinnum í viku. Nima Mazidi fór fyrir þeim tímum í vetur.

SAMSTARFSVERKEFNI BREIÐABLIKS, GERPLU OG HK

Stóru íþróttafélögin í Kópavogi Breiðablik, Gerpla og HK hafa átt ötult og gott samstarf á liðnu tímabili. Frístundavagninn var á sínum stað en þetta var fjórða árið þar sem félögin starfræktu frístundabíl í samstarfi við Kópavogsbæ. Það var fyrirtækið Hópbílar sem sá um aksturinn og Elva Björg okkar Gunnarsdóttir var starfsmaður í rauða bílnum. Áhersla er lögð á að frístundavagninn þjóni fyrst og fremst nemendum 1.- 4.bekkjar en öllum er heimilt að nota bílinn svo lengi sem það er laust pláss. Með tilkomu frístundabíla ná íþróttafélögin að nýta íþróttamannvirki Kópavogsbæjar betur með því að hefja æfingar strax að loknum skóla. Iðkendur Gerplu gátu nýtt bílinn bæði á æfingar í Versali sem og í Vatnsenda. Alls voru tæplega 15.000 hausar sem nýttu sér rauða bílinn síðasta tímabil og má gera ráð fyrir svipaðri notkun á hinum leiðunum.



Afreksbraut MK hefur verið starfrækt síðan haustið 2019. Afreksbrautin er starfsrækt í samstarfi við Gerplu, Breiðablik og HK. Afreksbrautin fór af stað haustið 2019 og hefur verkefnið vaxið og dafnað síðan. Það voru 3 nemendur í fimleikum veturinn 2022-2023. Viktor Kristmannsson var yfir þjálfuninni í Gerplu og er ánægjulegt að sjá hversu miklu þetta skilar fyrir þá iðkendur sem kjósa að fara þessa leið með námi.

Verkefnið Virkni og Vellíðan er annað verkefni sem Íþróttafélögin Gerpla, Breiðablik og HK hafa unnið í samstarfi en UMSK var einnig aðili að því verkefni. Verkefnið hefur vaxið og dafnað og hafa aldrei fleiri iðkendur verið við æfingar eins og í vetur. Iðkendur æfðu í húsakynnum félaganna en einnig fóru kennarar inn í félagsmiðtöðvar og var ánægja með það. Vorið 2023 var ákveðið að Kópavogsbær myndi taka yfir verkefnið þar sem það var orðið mun stærra en nokkur þorði að vona. Það er þó ennþá unnið í góðu samstarfi við Íþróttafélögin og bjóða þau áfram þátttakendur velkomna á æfingar. Þær Fríða Karen Gunnarsdóttir og Eva Katrín Friðgeirsdóttir eru verkefnastjórar og yfirþjálfarar í þessu verkefni.

Þorablót íþróttafélaganna var loksins á dagskrá á bóndadaginn eftir þriggja ára pásu. Það varð uppselt á svipstundu og var haldið stærsta þorablót í sögu íþróttafélaganna. Vel tókst til og var mjög mikil ánægja með skipulag, mat og drykk. Við þökkum gott samstarf við CCEP og Múlakaffi og sjálfboðaliðum og öllum sem komu að blótinu með okkur þökkum við kærlega fyrir frábæra vinnu. Næsta blót er á dagskrá á bóndadaginn 2024.

SAMSTARF VIÐ SPORTABLER

Samstarfið við Sportabler hefur haldið áfram að vaxa og dafna og hafa þeir Sportablermenn verið iðnir að hlusta á þarfir okkar í Gerplu og komið með nýjungar nánast eftir óskum. Það hafa verið miklar endurbætur síðasta árið og endurnýjaði félagið samstarfsamning við Sportabler á vormánuðum til þriggja ára. Sportabler er bylting í samskiptum forráðamanna við þjálfara og dagskrá iðkenda alltaf tiltæk í símanum og allar nýjustu upplýsingarnar. Gerpla hóf að nota klippikortakerfi Sportabler í vetur. Það hefur farið rólega af stað en búið er að betrum bæta kerfið svo miklar vonir eru bundnar við notkun þess næsta haust. Við erum stolt að vera í samstarfi við Sportabler og hlökkum til komandi tímabils.



BIÐLISTI OG FIMLEIKASALURINN



Biðlisti Gerplu er breyttur frá árum áður þegar félagið æfði í einu húsi. Nú komum við flestum að sem vilja að æfa en stærsta hindrunin eru þjálfaraskortur á vinsælustu tímasetningunum og þá verða hóparnir oft fullir. Við höfum reynt að bæta við mannskap en það reynist oft erfitt þar sem vinsælustu tímarnir eru frá 15:00-17:00 á daginn og þjálfarar sem oft eru námsmenn í

framhalds- og eða háskóla eru oft ekki búin í skólanum á þessum tíma. Eins finnur félagið fyrir því að erfiðara er að fá menntaskólaaldurinn til starfa vegna tímaskorts sem rekja má að einhverju leiti til styttingar framhaldsskólans úr fjórum árum í þrjú. Köldu svæðin í Gerplu eru enn í austurbænum og má ætla að það sé vegna þess að fimleikaaðstaðan er ekki í þeirra nærumhverfi. Iðkendum sem búa þar þurfa að geta treyst á frístundabílinn, strætó eða foreldraskutl. Lengstu biðlistar liðins tímabils voru í Krílafimleika og bangsafimleika á sunnudögum þrátt fyrir að við höfum fjölgað hópum í böngsum úr þremur í fimm. Vinsældir þessara hópa eru mjög miklar. Við vonumst til að koma sem flestum að á komandi tímabili.

SÍK

SÍK er skammstöfun fyrir samstarfsvettvang íþróttafélaga í Kópavogi. SÍK hefur á undanförunum árum frá 2019 farið með málefni sem áður voru á íþróttadeild bæjarins. Má þar nefna úthlutun æfingatíma, styrkja og forgangsroðun framkvæmda. Stjórn SÍK var þannig skipuð á síðasta starfsári Þórólfur Heiðar Þorsteinsson formaður, Olga Bjarnadóttir, Guðmundur Sigurbergsson, Hólmfríður Kristjánsdóttir, Jón Finnbogason og Sigmundur Einar Másson. SÍK var lagt niður í mars 2023 og verður því formlega slitið á auka aðalfundi SÍK í haust. Þar með féll niður samningur við bæinn og starfsmenn sem sinntu þessu starfi í samtals 50% starfshlutfalli lagt niður. Verkefni SÍK munu snúa aftur inn til Kópavogsbæjar strax frá janúar 2023.

AÐBÚNAÐUR OG ÁHÖLD

Mikið utanumhald er í kringum viðhald áhalda en mikilvægt er að fylgjast náið með slitum á áhöldum sökum álags og notkunar. Mikil endurnýjun var árið 2021-2022 meðal annars vegna Norðurlandamóts en álagið á áhöldum eins og í Gerplu þekkist varla annars staðar í heiminum. Endurnýjun verður því eitthvað minni þetta árið þó viðhaldið sé endalaust og hafa karlatvísláin verið ítrekað biluð sem og



stökkbretti og önnur smááhöld. Þetta starfsár er það fyrsta sem Kópavogsbær mun formlega koma að viðhaldi áhalda í Vatnsenda en það hús er ekki í rekstri Gerplu eins og Versalir. Við fögnum því þar sem öryggi iðkenda á ávallt að vera í fyrsta sæti. Mjög mikilvægt er að fylgjast vel með áhöldunum til að öryggi iðkenda sé tryggt.

FORELDRARÁÐ

Foreldraráð Gerplu var stofnað í janúar 2014 fyrir alla keppnishópa Gerplu í því skyni að efla og auka samvinnu á milli Gerplu og foreldra iðkenda. Engin stjórn var starfrækt í vetur og er það miður. En erfitt hefur reynst að fá foreldra inn í starfið til að sinna sjálfbæðiastörfum.

Máttarstólpar, hagsmunafélag meistaraflokka í félaginu hélt utan um sjoppuna á mótum í umsjón Gerplu eins og undanfarin ár. Það gekk það vel en vinnan er á fáum höndum.

Fjáröflunarnefnd var ekki starfandi á árinu en starfsmenn skrifstofu ásamt nokkrum foreldrum keyrðu í gegn nokkrar fjáraflanir fyrir iðkendur og var þátttakan þokkaleg. Meðal annars var seldur fiskur, vörur frá Icepharma, vörutalning og sitthvað fleira.



Hápunktur starfsársins hjá Gerplu var án efa langþráð afmæli ssýning sem búið var að fresta tvívegis. Undirbúningur hófst árið 2021 og náðist loksins að sýna fimm sýningar fyrir fullu húsi fullkláraða afmæli ssýningu. Erika Dorielle Sigurðardóttir var sýningarstjóri og var Rakel Másdóttir aðstoðarsýningarstjóri. Árið 2021 og 2022 voru það þær Andrea Hansen, Bryndís Guðnadóttir og Eyrún Inga Sigurðardóttir að

undirbúa sýninguna, finna atriði, búninga, handrit og annað og má því segja að fimm kraftmiklar ungar konur hafi staðið á bakvið afmæli ssýninguna. Þjálfarar og stjórnendur voru að vonum ryðgaðir í aðdraganda sýningar enda ekki búið að vera vorsýning í 4 ár eða frá vorinu 2019. Það voru því margir iðkendur sem voru að taka þátt í vorsýningu í fyrsta skiptið þrátt fyrir að hafa æft hjá félaginu síðan haustið 2019.

Sýningin var öll hin glæsilegasta, atriði, búningar og ljós svo hápunktur þegar Diljá Pétursdóttir Eurovisionfari og Gerplukona söng lagið sitt Power við mikla aðdáun iðkenda. Guðmundur Þórarinsson kom einnig við sögu og söng fyrir iðkendur við góðar undirtektir. Forseti Íslands heiðraði iðkendur og sýningargesti með nærveru sinni og talaði fallega til okkar og hrósaði iðkendum í hástert.





Uppskeruhátíð Gerplu var haldin hátíðleg í veislusalnum 7. janúar 2023 og svo var haldinn meistaraflokksdagur í framhaldinu þar sem iðkendur meistaraflokka borðuðu saman og léku sér í lazer tag í fimleikasalnum í Versölum.

Afreksbikar í áhaldafimleikum karla var Valgarð Reinhardsson enda eitt besta ár Valgarðs að baki. Hann landaði fjórum Íslandsmeistaratitlum, vann til tveggja silfurverðlauna á Norðurlandamóti sem og á Norður-Evrópumóti. Hann átti mjög gott Evrópumót og vann sér inn þátttökurétt á Heimsmeistaramótinu í Liverpool svo eitthvað sé nefnt. Hvatningabikarinn kom í hlut Valdimars Matthíassonar en hann hefur sýnt miklar framfarir á liðnu ári og sýnir mikinn metnað í sínum fimleikum.

Afreksbikar í áhaldafimleikum kvenna hlaut Thelma Aðalsteinsdóttir. Thelma átti sitt besta fimleikaár á sínum ferli og standa Norðurlandameistaratitill á jafnvægislá og Íslandsmeistaratitill í fjölþraut upp úr. En einnig vann hún sér inn þátttökurétt á HM í Liverpool eftir að hafa sýnt frábærar æfingar á Evrópumóti. Hvatningabikarinn hlaut Hildur Maja Guðmundsdóttir en hún átti mjög gott ár og sýnir mikinn metnað í sínum æfingum.



Hún sýndi mikla þrautseigju er hún þurfti að vinna sig upp eftir erfið veikindi í upphafi síðasta árs og kom sterkari til baka. Hún náði tveimur Íslandsmeistaratitlum og vann silfur á gólfi á Norðurlandamóti.

Í hópfirmleikadeild fékk 1. flokkur kvenna afreksbikarinn enda handhafar allra mögulegra titla á Íslandi árið 2022. Virkilega flottur hópur sem er vel að þessu kominn. 1.flokkur mix fékk hvatningabikarinn en þar er á ferðinni mjög skemmtilegt lið sem æfir vel og á framtíðina fyrir sér.

Þjálfarar ársins

Þjálfarar ársins í hópfirmleikum voru þau Edda Sigríður Sigfinnsdóttir og Kristinn Þór Guðlaugsson en þau voru bæði í þjálfarateymi 1. flokks síðustu ár. Þau hafa mikinn metnað fyrir sinni þjálfun, ná vel til iðkenda og leggja jafnmikið í vinnuna utan sem innan salarins. Þau eru bæði mikill fengur fyrir félagið.

Þjálfarar ársins í áhaldafimleikum voru þeir Ferenc Kováts og Róbert Kristmannsson. Ferenc stýrði liði

Gerplu til sigurs á bikarmóti ásamt sterku þjálfarateymi og þjálfar bæði Íslandsmeistara fullorðinna og unglunga. Hann tók við kvennalandsliði Íslands s.l. ár og hampaði liðið einum Norðurlandameistara sem og 3.sæti í liðakeppni ásamt fleiri verðlaunum. Róbert Kristmannsson er einn af burðarstólpum Gerplu og sýndi frábæran árangur á árinu með sína stráka. Liðið hans varð bikarmeistari og hampaði hann öllum þremur verðlaunahöfum í fjölþraut. Hæst ber þó að nefna árangur á Norður Evrópumóti þar sem lið hans skipað Gerpludrengjum skrifaði söguna er þeir unnu til bronsverðlauna í liðakeppni.

Þjálfari ársins í grunn- og framhaldsdeild var Telma Rut Sæþórsdóttir. Telma er góður leiðtogi sem sýnir iðkendum sínum áhuga og hvetur þá áfram í sínum fimleikum. Hún er mjög áreiðanleg og hefur mjög góða nærveru.

Þjálfari ársins í almennri deild er Lilja Árnadóttir. Lilja þjálfar hópa í félaginu þar sem iðkendur eru með fötlun. Hún hefur einstaka lagni í þjálfun þeirra, er glaðlynd og er hrókur alls fagnaðar. Hún er klárlega eitt af leynivopnum þjálfarateymis Gerplu.



Aðrar viðurkenningar

Garpur Gerplu var Bryndís Guðnadóttir en nafnbótina hlaut hún fyrir að vera valin í All-Star lið Evrópumótsins 2022 fyrir glæsilega frammistöðu í gólfæfingum.

Félagsmálaskjöldinn hlaut Anna Kristjana Egilsdóttir fyrir að vera mikilvægur hlekkur í teymi Máttarstólpa og unnið ötullega fyrir félagið iðkendum til heilla.

Sjálfbóðaliði ársins var valinn Arnar Þór Ólafsson en hann hefur verið iðinn við að aðstoða félagið við flutninga á áhöldum á milli húsa oft með engum fyrirvara.



Á árinu hefur Gerpla veitt þeim iðkendum viðurkenningu sem hafa staðið sig vel á alþjóðlegum mótum en stelpurnar í kvennalandsliðinu voru eftir að fá sína viðurkenningu. Þær Agi, Dagný Björt, Hildur Maja og Thelma fengu viðurkenningu fyrir frábæran árangur á Norðurlandamóttinu í áhaldafimleikum síðastliðið sumar en þær unnu til bronsverðlauna í liðakeppni á móttinu.

UPPSKERUHÁTIÐ ÍTK

Uppskeruhátíð ÍTK var haldin 11.janúar í Smáranum. Valgarð Reinhardsson og Thelma Aðalsteinsdóttir voru tilnefnd til Íþróttakarls og konu Kópavogs. Hrafnhildur Tinna Brynjólfssdóttir og Birgir Hólm voru fimleikafólk Kópavogs 16 ára og yngri. Landsliðsfólkið okkar fékk einnig viðurkenningar fyrir góðan árangur á erlendum mótum á árinu.

ÁHALDADEILD KVENNA

Áhaldadeild kvenna var með eftirfarandi keppnishópa veturinn 2022-2023

6. þrep kvenna – 2 hópar

5. þrep kvenna – 2 hópar

4. þrep kvenna – 1 hópar

3. þrep kvenna – 2 hópar

1.-2. þrep kvenna – 1 hópur

Landsreglur – 1 hópur

Meistarahópur kvenna - 1 hópur

Hraðferð – 3 hópar haust

Hraðferð – 2 hópar vor



Áhaldadeild kvenna stendur mjög vel þjálfaralega séð, við erum með flesta okkar þjálfara í fullu starfi og þar af leiðandi góður stöðuleiki í þjálfun hópanna okkar. Þjálfarar deildarinnar voru í vetur 12 talsins. Helstu verkefni deildarinnar eru mót á vegum Fimleikasambands Íslands ásamt þeim vinamótum sem félögin á Íslandi bjóða upp á.

Iðkendur deildarinnar náðu að keppa á eftirfarandi mótum á vegum Fimleikasambands Íslands á vetrinum: Haustmót, þrepamót I, II og III, ásamt þrepamóti í 1.-3. þrepi, Bikarmóti í þrepum, Íslandsmóti í þrepum, GK meistaramóti, Bikarmóti í frjálsum æfingum og Íslandsmóti í frjálsum æfingum.

Við tókum einnig þátt á eftirfarandi vinamótum, Aðventumóti Ármanns, Iceland Classic og Mínervumóti Bjarkanna. Við höfum keppt í íslenska fimleikastiganum og svo eftir nýjum reglum sem kallast Landsreglur. Við erum með 1 hóp sem keppir í Landsreglum og hafa þær stúlkur keppt í þrepum fimleikastigans á FSÍ mótum og Landsreglum á vinamótum. Landsreglur eru léttar frjálsar æfingar þar sem unnið er með styrkleika hvers og eins á áhöldunum. Frábær viðbót við áhaldafimleikana á Íslandi.

Við áttum einnig fulltrúa í erlendum verkefnum landsliða Íslands á vetrinum sem kepptu á Heimsmeistaramóti, Evrópumóti, Noðurlandamóti og Norðurlandamóti unglinga.

Keppendur okkar í landsliðsverkefnum voru: Agnes Suto, Dagný Björt Axelsdóttir, Hildur Maja Guðmundsdóttir, Lilja Katrín Gunnarsdóttir, Kristjana Ósk Ólafsdóttir, Sól Lilja Sigurðardóttir og Thelma Aðalsteinsdóttir.

Æfingabúðir

Györ

Meistarahópur félagsins skellti sér í æfingaferð til Györ í vetrarfríinu í febrúar 2022. Æfingabúðirnar voru byrjunin á löngu keppnistímabili sem fór fram seinna en venjulega árið 2022. Fjörða hvert ár er Evrópumót og Norðurlandamót yfir sumartímann og því er mótatímabilinu okkar á Íslandi því seinkað mikið. Æfingabúðirnar voru upphafið af undirbúningnum fyrir keppnistímabilið. Æfingarnar gengu mjög vel og fóru allar mjög glaðar heim eftir heila viku af hörku æfingum.

Györ

Sumarið 2022 fóru tveir hópar til Györ í Ungverjalandi í æfingabúðir. Katí og Lajos fóru með 1.-2. og 3. þrep í sjö daga æfingabúðir. Hópurinn gisti á yndislegu gistiheimili í miðbænum og tóku alltaf hressilega morgungöngu í hitanum á æfingu. Æfingasalurinn er frábær og mjög góð aðstaða fyrir áhaldafimleika kvenna og karla. Æfingabúðirnar gengu virkilega vel og voru allir mjög ánægðir með dvölinu og höfðu orð af því að gista alltaf á þessu gistiheimili þar sem svefnaðstaðan á íþróttasvæðinu er ekki upp á marga fiska. Stúlkurnar vildu svo hafa næstu æfingabúðir lengri.

Birmingham

Í dymbilvikunni skelltu sér 10 stúlkur ásamt Báru og Þorgeiri til Birmingham í æfingabúðir hjá Nick Ruddock. Æfingabúðirnar stóðu yfir í þrjá daga og voru virkilega skemmtilega skipulagðar. Stelpurnar ferðuðust til Liverpool og svo með rútu til Birmingham. Æfingarnar voru tvisvar sinnum á dag og mikið prógram. Þær fengu að hitta Ellie Downie Ólympíufara og Evrópumeistara sem kom til að heilsa upp þær. Þetta voru fyrstu æfingabúðirnar þeirra og eru þær strax orðnar spenntar fyrir næsta sumri þar sem þær munu skella sér aftur í æfingabúðir.

Eurogym

Landsregluhópurinn okkar skellti sér í hópferð með Gerplu og Fimleikasambandi Íslands til Belgíu í júlí 2022 á Eurogym. Eurogym er íþróttahátíð sem haldin er annað hvert ár af Evrópska fimleikasambandinu. Hátíðin er fyrir iðkendur 12-18 ára og stendur yfir í 5 daga. Iðkendur æfa atriði sem eru sýnd um borgina og sækja svo skipulagðar vinnubúðir þess á milli. Stúlkurnar skemmtu sér mjög vel og ætla sér að fara aftur árið 2024 í Noregi.

Auður Ólafsdóttir deildarstjóri áhaldafimleika kvenna

ÁHALDADEILD KARLA

Í Áhaldadeild karla vorum við með níu hópa síðastliðinn vetur 2022-2023. Þeir hópar voru:

6.þrep

5.þrep

4.þrep

2-3.þrep

Hraðfeð 3

Hraðferð 2

Hraðferð 1

Meistaraflokkur Yngri

Meistaraflokkur



Við höldum Norðurlandamót bæði í unglunga og fullorðinsflokki og íslensku liðin lentu bæði í fjórða sæti á því móti. Valgarð vann sér inn tvö silfur verðlaun, á gólfi og á stökki. Eftir mótið tilkynnti landsliðsþjálfari lið fyrir Evrópumót og voru þeir Atli Snær, Jónas Ingi, Martin Bjarni og Valgarð valdir í það lið.

Á sama tíma fóru fram æfingabæúðir í Györ í Ungverjalandi fyrir meistaraflokk yngri og 2.-3.þrep. Þar náðu drengirnir miklum framförum og skemmtu sér konunglega.

Í byrjun ágúst sýndu keppendur okkar í landsliðinu, frábæra framistöðu á Evrópumótinu í Munich. Þar náði Valgarð bestu einkunn meðal Íslendinga á mótinu og lenti í 42 sæti. Valgarð og Jónas Ingi unnu sér inn rétt til að keppa á Heimsmeistaramóti í Liverpool árið 2022. Við erum stolt af þessum frábæra árangri hjá þeim.

Þann 26. Október höldum við námskeið fyrir foreldra og forráðamenn um dómaraþingur í áhaldafimleikum drengja. Við fengum mjög góð viðbrögð við því námskeiði og foreldrar þar með orðnir aðeins fróðari um reglurnar sem drengirnir þeirra keppa eftir á tímabilinu.

Seint í október kepptu Jónas Ingi og Valgarð á Heimsmeistaramótinu og áttu báðir gott mót þar. Sömu helgi kepptum við á haustmóti og þar vann Kári Pámason til 7 gullverðlauna í drengjaflokki. Í fullorðinsflokki vann Dagur Kári til gullverðlauna, Martin Bjarni fékk silfur og Atli Snær fékk brons í fjölþraut á sama móti. Í 3. þrepi unnu Ragnar Örn og Tómas Andri, þrjú gullverðlaun hvor. Bjarni Hafþór og Eysteinn Daði voru sigurvegarar í flokki 12 ára og

eldri. Í 2.þrepi vann Ármann Andrason fjölþraut og Botond Ferenc Kováts vann fjölþraut og þrjú gullverðlaun í 1.þrepi.

Í nóvember fór fram þrepamót 1 á Akureyri. Drengirnir okkar sýndu miklar framfarir og hann Ásgeir Mildinberg náði 4.þrepi og Valdimar Björgvin og Aron Gísli náðu 5.þrepi.

Á Norður-Evrópumóti í Finnlandi var landsliðið skipað engöngu iðkendum úr Gerplu. Þar kepptu þeir, Atli Snær, Ágúst Ingi, Dagur Kári, Jónas Ingi, Martin Bjarni og Valgarð. Þar náði liðið besta árangri sem náðst hefur af íslensku liði á þessu móti þar sem þeir unnu til bronverðlauna. Þar vann Valgarð til tveggja silfur-verðlauna á tvíslá og á stökki. Róbert Kristmannsson og Viktor Kristmannsson voru landsliðsþjálfarar á mótinu og koma þeir einnig úr Gerplu.

Í desember var hann Valgarð, valinn fimleikamaður ársins og Jónas Ingi náði öðru sæti í kjörinu. Landsliðið sem keppti á Norður-Evrópumóti vann titilinn, lið ársins.

Snemma í janúar héldum við uppskeruhátíð Gerplu og þar var Valgarð kjörinn fimleikamaður ársins og Valdimar Matthíasson hlaut hvatningabikarinn. Róbert Kristmannsson var valinn þjálfari ársins í áhaldadeild karla.

Seint í janúar settu drengirnir okkar fram flotta sýningu og unnu alla stóru titlana sem í boði voru. Í 1.þrepi vann Botond fjölþraut og til gullverðlauna á þremur áhöldum og hann Atli Elvarsson vann til tveggja gullverðlauna á áhöldum. Í 2.þrepi vann Ármann fjölþraut og tvö gull og Daníel Glastonbury vann tvö gull. Í 3.þrepi vann Ragnar Örn fjölþraut og 6 gullverðlaun og hann Tómas Andri vann til silfurverðlauna í fjölþraut og til þriggja silfurverðlauna á áhöldum. Kári Hjaltason vann brons í fjölþraut.



Í Febrúar hélt Gerpla, þrepamót 2. Hann Kormákur Erlendsson náði 5.þrepi og 4.þrepi náðu þeir Zsombor Ferenc Kováts og Valdimar Björgvin Wetterberg. Við erum stolt af þeim árangri sem iðkendur okkar sýndu á mótinu og þeim framförum sem þeir eru að ná á milli móta.

Gerpla keppti með tvö lið í karlaflokki á Bikarmóti 2023 og vann Gerpla 1 til gullverðlauna og liðið Gerpla A vann silfurverðlaun. Gerpla vann bikarmeistaratitil í 3.þrepi og lenti í öðru sæti í 1.þrepi. Við kepptum ekki með lið í 2.þrepi vegna veikinda iðkenda.

Fyrir miðjan mars, stóð Gerpla fyrir móti sem heitir Iceland Classic. Mótið var hið eftirminnilegasta og við erum þakklát gott samstarf starfsmanna hér í húsi sem varð til þess að gera þetta mót hið glæsilegasta. Strákarnir unnu til næstum allra verðlauna sem hægt var að vinna og fengu nýja og skemmtilega upplifun í gegnum liðs-keppni á mótinu.

Seint í mars fór Íslandsmót fram þar sem Valgarð vann fjölþraut og þar með Íslandsmeistaratitilinn. Martin Bjarni lenti í öðru sæti og Atli Snær í því þriðja. Á íslandsmóti í þrepum, vann Botond fyrstu verðlaun og Snorri Rafn önnur verðlaun í 1.þrepi. Ármann Andrason vann sigur á gólfi og Snorri Maldonado vann til silfurverðlauna í 2.þrepi. Ragnar Örn Ingimarsson vann sigur í 3.þrepi og þar voru Tómas Andri í öðru sæti og Bjarni Hafþór í þriðja sæti. Við unnum því alla þrjá titlana sem í boði voru á þessu móti í ár.

Fyrir miðjan apríl, keppti landsliðið á Evrópumótinu í Tyrklandi og fjórir af fimm keppendum komu þar frá Gerplu. Valgarð vann sér inn keppnisrétt fyrir Heimsmeistaramótið árið 2023 í Belgíu sem er frábær árangur hjá honum. Dagur Kári er fyrsti varamaður inná mótið og bindum við miklar vonir við það að hann nái keppnisrétti en það mun ekki skýrast fyrr en seint í haust.

Seinna í apríl var unglingslandsliðið tilkynnt af landsliðsþjálfara, Alek Ramezanpour. Þeir Daníel Theodór Glastonbury og Kári Pálmason voru valdir í landslið unglinga að þessu sinni. Bjarni Hafþór var valinn varamaður.

Við kepptum á þrepamóti 3 og þar náði hann Bjarki Örn Guðjónsson, 4.þrepi. Kristján Týr og Arnar Logi Sigurðsson náðu 5.þrepi.

Snemma í maí héldum við í Gerplu, GK Meistaramót. Þar vann Kári Pálmason drengjaflokk og 5 gull á áhöldum. Daníel Glastonbury vann til silfurverðlauna og gull á bogahesti. Í fullorðinsflokki vann Dagur Kári til gullverðlauna, Martin Bjarni tók silfrið og Ágúst Ingi vann til bronsverðlauna. Gerpla vann fimm af sex mögulegum fjölþrautartitlum.

Fyrir miðjan maí, kepptu þeir Kári Pálmason og Daníel Theodór Glastonbury á Norðurlandamóti Unglinga, með landsliði drengja. Kári vann gull á svifrú og varð því Norðurlandameistari og silfur á stökki og lenti í sjöunda sæti í fjölþraut sem sýnir hversu bjarta framtíð hann á fyrir sér sem og íslenska liðið. Daníel keppti til úrslita á hringjum og á karla tvíslá.

Snemma í júní, héldum við stórglæsilega vorsýningu þar sem við fögnuðum 50 ára afmæli Gerplu. Við skemmtum okkur konunglega, sýndum fallega fimleika og allskonar dansa og atriði.

Þegar litið er til baka yfir líðandi ár, er ljóst að við áttum stórkostlegt fimleikaár. Fimleikafólkið okkar og þjálfarar skemmtu sér vel og náði miklum árangri bæði sem liðsheild og í fimleikum.

Ekkert af þessu væri gerlegt án okkar framúrskarandi þjálfara og annarra starfsfólks og sjálfboðaliða. Við erum öll í sama liði og við erum öll GERPLA.

Alek Ramezanpour deildarstjóri áhaldafimleika karla

HÓPFIMLEIKAR KVENNA

5. flokkur

5. fl byrjaði í minni kantinum og of fáar sem skiluðu sér úr framhaldshópum. Við byrjuðum í kringum 25 en enduðum 40 iðkendum sem er ásættanlegt. 5. flokkur keppti á tveimur mótum í vetur. Fyrra mótið var GK mótið í febrúar. Þar vorum við með tvö lið Gerplu 1 sem varð í 3. sæti og Gerplu 2 sem varð í 14. sæti



Seinna mótið var vormótið í maí þar sem við vorum með þrjú lið , Gerpla 1 sem varð í 1. sæti, Gerpla 2 sem varð í 4.sæti og svo Gerpla 3 sem varð í 21. sæti. Yfir veturinn vorum við með keyrslumót þar sem iðkendum gafst tækifæri til að undirbúa sig fyrir mót og gátu foreldrar fylgst með þeim. Mjög mikilar framfarir urðu hjá hópnum yfir veturinn og mikil ánægja innan hópsins , bæði hjá foreldrum og iðkendum.

4.flokkur

4. flokks mengið okkar var 65 stelpur þegar veturinn hófst en mikið brottfall varð um áramót og var ástæðan aðallega sú að stelpurnar að velja sér eina íþrótt til að vera í. Floknum var skipt upp í tvö mengi , lið eitt og tvö æfðu saman og lið þrjú og fjögur æfðu saman. Þetta fyrirkomulag hefur gefist vel og erum við alltaf að ná að gera þetta aðeins betur og liðsskiptingin alltaf að verða betri og betri. Markmiðið er að allir fái verkefni við hæfi og fá að æfingar sem henta hverju sinni. Liðin kepptu öll á þremur mótum yfir veturinn.

Fyrsta mótið var haustmót. Úrslit urðu eftirfarandi:

Gerpla 1 varð í 1. sæti , Gerpla 2 varð í 7. sæti og Gerpla 3 varð í 14. sæti. Gerpla 4 keppti Stökkfimi og varð í 6. sæti

Næsta mót var Gk mótið sem haldið var í febrúar. Þar voru Gerpla 1 og 2 í Adeild og lenti Gerpla eit í 1.sæti og lið tvö endaði í 5. sæti Gerpla 3 var í B deild og lenti í 5. sæti þar. Gerpla 4 kepptu í Stökkfimi og enduðu í 8. sæti á því móti

Síðasta mótið var Vormótið. Þar vann lið eitt A deildina og lið tvö varð í 5. sæti Lið þrjú var í B deild og endaði í 8. sæti Lið fjögur keppti í stökkfimi og enduðu þær í 7. sæti. Mikil framför var hjá flokknum yfir tímabilið og verður gaman að fylgjast með þeim á komandi árum.

3. flokkur

Í 3.flokki vorum við með tvö mengi. Lið eitt og tvö saman og svo lið þrjú.

Fyrsta mót vetrarins var Haustmót. Það var ákveðið að leyfa öllum að keppa með frekar erfið stökk og ekki alveg markmiðið að vinna heldur að fá keppnisreynslu með erfiðari æfingar og prufa sig áfram. Lið eitt endaði í 3. sæti , lið tvö í 5. sæti og lið þrjú í 17. sæti.

Næsta mót var GK mót og varð lið eitt í fyrsta sæti og lið tvö í 6. sæti í A deild. Lið 3 var í B deild og urðu í 2. sæti í þeirri deild.

Svo var það aðalmótið Íslandsmótið. Þar varð lið eitt í fyrsta sæti og hömpuðu Íslandsmeistaratitli og lið tvö varð í 4. sæti í A deild. Lið þrjú varð í 7. sæti í B deild

Ótrúlega flottur hópur sem á eftir að gera góða hluti á næstu árum. Það voru mjög margar sem stigu skref og kepptu með erfiðari stökk en þær höfðu verið að gera eins og tsu og tvöfalt heljajarstökk á trampólíni.

2. flokkur

Hópurinn samanstóð af kröftugum stelpum og æfði allur saman en var skipt í tvö lið fyrir hvert mót. Það voru þrjú mót hjá 2. flokki í vetur eins og hjá 3. og 4. flokki.

Haustmótið var haldið á Egilsstöðum í Nóvember. Það var heilmikið ferðalag sem gekk vel og voru veðurguðirnir hliðhollir okkur á ferðalaginu. Gist var í skólanum og var keppnisferðin gott hópefli í upphafi keppnistímabils. Við myndum þó kjósa að hafa mót úti á landi á vorönn þar sem keppendum gæfist þá lengri tími til að fjárafla fyrir ferðinni því svona ferð er mjög kostnaðarsöm þar sem fljúga þurfti keppendum austur.

Lið eitt endaði í 3. sæti og lið tvö í 9. sæti.

Á bikarmótinu lenti lið eitt í 4. sæti og lið 2 keppti í stökkfimi og lentu þær í 5. sæti.

Á Íslandsmótinu sem haldið var í apríl þá varð lið eitt í 3. sæti og lið þrjú varð í 8. sæti.

1.fl kvenna og mix

Í 1. flokki vorum við með tvö lið, kvennalið og mixlið eða blandað lið. Í flokknum voru 32 iðkendur þar af voru tíu strákar og 22 stelpur.

Bæði lið kepptu á nýju móti sem heitir mótaroð og gekk báðum liðum mjög vel á þeim. Þar fengu iðkendur að gera stökk sem eru ekki alveg 100% tilbúin í stóru mótin og fengu góða reynslu með að prufa sig áfram í mýkri lendingar en eru á hefðbundnum mótum.

Liðin kepptu svo á Bikarmóti og urðu bæði liðin Bikarmeistarar með miklum yfirburðum, Kvk liðið keppti svo á Íslandsmótinu sem haldið var í lok apríl. Þar áttu þær ekki sinn besta dag en enduðu þó í 2. sæti rétt á eftir 1. sætinu. Það mót fer heldur betur í reynslubankann en stór hluti liðsins flyst í meistaraflokk á komandi tímabili þar sem þessi reynsla mun án efa skila sér. Mjög flottir fimleikakrakkar sem sýndu frábæra takta, voru skemmtileg á að horfa og eiga bjarta framtíð í fimleikum.

Meistaraflokkur kvenna

Meistaraflokkur kvenna er í mikilli uppbyggingu. Í hópnum í vetur voru 17 stelpur. Hópurinn keppti á öllum þrem Mótaraðamótunum og unnu fyrstu tvö mótin en lentu í öðru sæti á því þriðja.

Liðið keppti svo á Bikarmóti í mars á



heimavelli og gerðu stelpurnar sér lítið fyrir og unnu langþráðan bikarmeistarartitil. Þetta var í fyrsta skiptið síðan 2015 sem Gerpla vannur Bikarmeistarartitilinn í Hópfimleikum. Mótið var haldið í Digranesi og var allt hið glæsilegasta og setti félagið tóninn fyrir Íslandsmótið í meistaraflokki.

Liðið keppt einnig á Íslandsmótinu í Hópfimleikum. Þar gekk ekki allt upp sem lagt var upp með og endaði liðið í 2.sæti á eftir liði Stjörnunnar.

Liðið tryggði sér rétt til að keppa á Norðurlandamóti fullorðinna sem haldið verður á Íslandi 11. nóvember 2023.

Í liðinu eru núna um 30 stelpur og erum við mjög spennt að sjá hvernig næsta ár verður hjá þessu unga og flotta liði.

Kristinn Þór Guðlaugsson deildarstjóri hópfimleikadeildar kvenna

HÓPFIMLEIKADEILD KARLA

Í hópímleikum er drengjunum skipt niður í fimm flokka samkvæmt íslensku keppnisreglunum. Í stökkfimi er tveir keppnisflokkar. Flokkarnir skiptust eftirfarandi á tímabilinu:

5. fl KK (2014)

KKy (2011-2014)

KKe (2008-2011)

1. flokkur og meistaraflokkur er samkvæmt alþjóðlegu hópímleikareglunum

Stökkfimi yngri (2010-2014)

Stökkfimi eldri (2010 og eldri)

Keppnistímabilið 2022-2023 vorum við með þrjú lið. Eitt lið í 5. flokki KK skipað iðkendum fæddum 2014 og tvö lið í KKy. Iðkendur í KKy flokknum voru fæddir frá 2013 til 2010. Í ár buðum við upp á tvær tímasetningar á æfingatímum. Í öðrum hópnum voru tveir iðkendur fæddir 2010 og því ákveðið að annað liðið keppti í hópímleikum og hitt í stökkfimi sökum aldurs eftir haustmót. Gerðar voru breytingar á æfingaskipulagi KKy eftir áramót. Þá voru æfingar lengdar í tvo tíma sem og að ein æfingin færð í Versali til að leggja áherslu á gólfæfingar. Við lögðum mikla áherslu í ár að bæta gólfæfingar hjá drengjunum. Sú áhersla skilaði sér svo sannarlega en yfir tímabilið bættu strákarnir sig gríðarlega í gólfæfingum og erum við stolt af því.



Í deildinni störfuðu þrjár aðalþjálfarar og 2 aðstoðarþjálfarar og var iðkenda fjöldi um og yfir 30 drengir.

Liðin okkar tóku þátt í þremur mótum á vegum fimleikasambandsins og voru úrslit eftirfarandi.

Haustmót

Gerpla Blár 30,550 stig, 4.sæti

Gerpla Rauður 24,050 stig, 5.sæti

GK mót

Gerpla - Hópfimleikar 32,015 stig, 3. sæti

Gerpla - Stökkfimi 31,250 stig, 2.sæti - 1. Verðlaun á trampólíni

Vormót

Gerpla - Hópfimleikar 35,960 stig, 2. sæti

Gerpla - Stökkfimi 34,10 stig, 1.sæti - 1. Verðlaun á dýnu og trampólíni

Spennandi tímar eru framundan en næsta tímabil munum við vera með 1 lið í KKe flokki, 2 í KKy flokki og eitt lið í 5. flokki KK. Með framhald af áherslum þessa tímabils er ljóst að framtíðin er björt.

Ragnar Magnús Þorsteinsson deildarstjóri hópfimleikadeildar karla



FIMLEIKAEILD KARLA OG KVENNA

Í fimleikadeild æfa drengir og stúlkur á aldrinum fimm til sjö ára. Deildinni er aldursskipt í hópa og iðkendur sem eru á síðasta ári í leiksskóla eru í grunnhópum 1x í viku og fimleikaæfingar fara fram á laugardögum og eru í fimleikasal okkar í Versölum. Þegar iðkendur í fimleikadeild byrja í 1.bekk eru þeir í grunnhópi 2x í viku og fimleikaæfingar fara þá fram á virkum dögum og æfingin er 1 klst í senn. Framhaldshópar eru iðkendur í 2.bekk og æfa fimleika einnig 2x í viku en fimleikaæfingin er 1,5 klst í senn. Það er í boði að velja á milli grunn- og framhaldshópa sem æfa í fimleikasal okkar Versölum eða fimleikasal okkar í Vatnsenda.

Í fimleikadeild kvenna æfa sextán hópar, þrjár grunnhópar 1x í viku, sjö grunnhópar 2x í viku og sex framhaldshópar. Í deildinni þjálfuðu tíu aðalþjálfarar og tuttugu aðstoðarþjálfarar. Undir

fimleikadeild karla eru ellefu hópar þar af eru fjórir grunnhópar 1x í viku, þrjú grunnhópar 2x í viku og þrjú framhaldshópar. Í deildinni störfuðu fjórir aðalþjálfarar og sex aðstoðaðþjálfarar. Stærsti viðburður fyrir iðkendur okkar í grunn- og framhaldshópum er Garpamót Gerplu. Við höldum Garpamót á haustönninni í lok nóvember og á vorönninni í maí. Á Garpamótinu sýna iðkendur fimleikaæfingar sem þeir hafa æft á önninni, meginmarkmið mótsins er að gefa iðkendum okkar tækifæri að láta ljós sitt skína og fyrir þjálfara og deildastjóra að sjá hversu vel hefur verið staðið að þjálfun. Á vorönninni taka iðkendur einnig þátt á Vorsýningu Gerplu sem haldin er í júní.



Eitt mikilvægasta verkefni grunn- og framhaldsdeildar er að skapa áhugahvöt á fimleikum. Fimleikaæfingar þurfa að vera krefjandi en jafnframt skemmtilegar svo áhugi skapist á greininni. Markmið deildarinnar eru skýr.

- Skapa áhugahvöt. Það á að vera gaman að æfa fimleika
- Kenna góðan grunn og mynda þannig hæfni til að takast á við flóknari æfingar
- Iðkendur læri góða hegðun. Beri virðingu fyrir þjálfurum og samnemendum. Læri einnig umferðarreglur salarins
- Iðkendur skili sér upp í keppnisdeildir / almenna deild

Deildastjórar fimleikadeildar stúlkna og drengja eru Sif Pálsdóttir og Ragnar Magnús Þorsteinsson.

Ragnar Magnús Þorsteinsson og Sif Pálsdóttir **Deildarstjórar Fimleikadeildar karla og kvenna**

ALMENN DEILD

Haustönn 2022 í Almennri deild fór af stað með krafti, í ágúst. Við byrjuðum önnina með 26 hópa en bættum fljótlega við parkourhóp sérstalega ætluðum fyrir stelpur. Á vorönn bættist við fimleikabæk fyrir boltakrakka svo við erum að ljúka vorönn með 28 hópa í almennri deild.

Þjálfarar í almennri deild voru í heildina 15 talsins, auk 24 aðstoðarþjálfara, en flest eru þau í hlutastarfi.



Á haustönn spratt upp sú hugmynd að byrja með opna tíma í fimleikasalnum fyrir iðkendur sem hafa ekki fengið pláss á leikskóla. Úr því varð hópurinn "Ungar" sem er auglýstur fyrir tveggja ára og yngri. Þangað koma iðkendur með forráðamönnum sínum í opið hús, en það er frjáls leikur í salnum með yfirsýn starfsmanns. Hugmyndin er að halda aðgangseyri í algjöru lágmarki og kostar 500kr inn fyrir hvert barn. Þetta verkefni fór hægt af stað með 5-10 iðkendum en fljótlega stækkaði hópur áhugasamra og nú í lok vorannar eru 35-50 iðkendur sem mæta í hvern tíma. Ljóst er að forráðamenn og börn njóta þess að koma í öruggt umhverfi og prufa sig áfram í hreyfingum, hvort sem þau eru að læra að skriða, taka fyrstu skrefin eða byrjuð að hoppa. Börnin fá að

klífra í áhöldunum og njóta gæðastunda með sínum forráðamönnum. Forráðamenn eru líka mjög ánægð að komast í nýtt umhverfi og að hitta aðra fullorðna sem eru í svipaðri stöðu og þau sjálf.

Í almennri deild eru þrjú hópar sem keppa á fimleikamóti á vegum FSÍ. Á Íslandsleikum í Special Olympics, kepptu þrjú hópar frá okkur, grunnhópur yngri, grunnhópur eldri og hópurinn Special Ol. Iðkendurnir stóðu sig með glæsibrag og urðu þau Elva Björg og Magnús Orri, Íslandsmeistarar. Á því móti voru margir iðkendur að keppa í fyrsta skipti í Special Olympics og stóðu þau sig frábærlega. Þessir hópar stefna á að bæta við sig á næsta tímabili og keppa þá á þremur mótum yfir keppnistímabilið. Þrjú iðkendur stefna á að fara á Special Olympicsleikana sem haldnir eru á fjögurra ára fresti og verða í júní 2023 í Berlín. Þessir iðkendur voru valdir af Íþróttasambandi Fatlaðra, til að fara út fyrir þeirra hönd og keppa í áhaldafimleikum á leikunum. Þetta eru þau, Davíð Þór Torfason, Elva Björg Gunnarsdóttir og Tómas Örn Rúnarsson.



